

Mánudaginn 29. júlí 1918.

Nr. 19/1918.

Hreppsnefnd Torfalækjar-
hrepps
gegn
Sigurgeir Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Sigurgeir Einarsson kaupmaður hér í bænum fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda hreppsnefnd Torfalækjarhrepps í Húnavatnssýslu til þess að fá hana dæmda til að greiða honum andvirði baðlyfs kr. 76,76 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1915 og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo með dómi nefnds réttar uppkvæðnum 24. apríl f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda umstefndar 76 kr. 76 au. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags; málskostnaður var látinn falla niður, en málfærslumanni hreppsnefndarinnar, Magnúsi Sigurðssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, var dæmt málf lutningskaup, 30 kr. úr landssjóði.

Dómi þessum hefir hreppsnefnd Torfalækjarhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. apríl þ. á. Hefir hreppsnefndin fengið gjafsókn og skipaðan málf lutningsmann, og hefir hann gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hreppsnefndin verði algerlega sýknuð af kröfum stefnda, Sigurgeirs Einarssonar, og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að

skaðlausu fyrir undirrétti og yfirdómi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málavextir eru þeir, að haustið 1914 sendi stefndi baðlyfssendingu til kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi, er hann ætlaðist til að færi til hreppsnefndar Torfalækjarhrepps, og hafði stjórnarráðið fyrir hönd hreppsnefndarinnar greitt andvirði baðlyfs þessa, en með því að vanskil urðu á afhendingu baðlyfsins, sendi stefndi eftir kröfu hreppsnefndarinnar 10. febr. 1915 á ný baðlyf til nefndarinnar. Var þessi sending 75 kg. Með því að hin fyrri sending kom fram og var afhent hreppsnefndinni í janúarmánuði 1915, krafðist stefndi þess, að nefndin greiddi andvirði síðari sendingarinnar kr. 76,76.

Í málinu er það viðurkent, að hreppsnefndin hefir fengið báðar baðlyfjasendingarnar, en hún telur sér eigi skylt að greiða andvirði síðari sendingarinnar sökum þess að stefndi hafi eftir kröfu hennar gengið inn á að láta síðari sendinguna af hendi endurgjaldslaust sem bætur fyrir mistök þau, er urðu á afgreiðslu fyrri sendingarinnar. Skýrir áfrýjandi þetta nánar þannig, að með því að fyrri baðlyfssendingin hafi ekki komið til skila á réttum tíma, hafi bændur í hreppnum neyðst til þess að notast við ófullnægjandi baðlyf um haustið, og hafi því síðar um veturinn orðið að framkvæma kláðaskoðun og baða féð á ný. Hafi því hreppsnefndin með bréfi dags. 28. jan. 1915 krafist þess að stefndi sendi henni umrædd 75 kg. af baðlyfjum sem bætur fyrir þessi óþægindi og fyrirhöfn, og hafi stefndi síðan sent baðlyfin án þess að hafa neitt við þetta að athuga,

og hafi honum þó þá verið orðið kunnugt um að fyrri baðlyfssendingin var komin fram. Krefst áfrýjandi þess, að skýrsla sin um innihald umgetins bréfs verði lögð til grundvallar í málinu, ef stefndi trássist við að leggja fram sjálft bréfið.

Stefndi kveðst hinsvegar hafa skilið umgetið bréf nefndarinnar svo, að hin fyrri sending hefði ekki komið til skila, og þar sem hann hefði fengið borgun fyrir hana, hefði honum þótt eðlilegt að nefndin vildi fá baðlyf í staðinn, og því hafi hann sent síðari sendinguna, en hitt hefði honum aldrei dottið í hug, að nefndin ætlaðist til þess að fá þessa síðari sendingu ókeypis, ef fyrri sendingin kæmi fram, og um bréfið 29. jan. segir stefndi að hann geti ekki lagt það fram, með því að það hafi glatast.

Með því að það er viðurkennt í málinu að hreppsnefndin hefir veitt báðum baðlyfjasendingunum mótöku, og þar sem hún hefir ekki sannað, að stefndi hafi lofað síðari sendingunni sem bótum fyrir van-skilin á fyrri sendingunni, en í því efni verður ekki byggt neitt á því, að stefndi hefir ekki lagt fram hið tilvitnaða bréf frá 28. jan., þar sem það gegn neitun hans er ósannað að hann hafi haft bréf þetta í sínum vörzlum, er hann var krafinn um að leggja það fram, og með því að aðrar ástæður til sýknunar eru eigi fyrir hendi, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir dæmt hreppsnefndina til að greiða andvirði hinnar síðari baðlyfjasendingar 76 kr. 76 aura með vöxtum frá stefnudegi 11. júlí 1916 og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, bæði aðalefni hans og ákvæðið um málskostnað, en málsvarnar-

launin í héraði eiga að greiðast yfirdómsmálflutningsmanni Ólafi Lárussyni, er var skipaður málflutningsmaður hreppsnefndarinnar.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 kr. Hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda verður eigi dæmt málflutningskaup, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast að vörn málsins fyrir undirrétti og sókn fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður, þó svo að málsvarnarlaunin greiðist yfirdómsmálflutningsmanni Ólafi Lárussyni.

Áfrýjandi hreppsnefnd Torfalækjarhrepps greiði stefnda Sigurgeir Einarssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 9. september 1918.

Nr. 2/1918.

Ásmundur Eiriksson
gegn
Páli Jónssyni.